

6167818
 §10394-2259

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Vikurkar	Dags. eftirlits: 7. Sept. 2016	Staðsetning stöðvar: Ystuvík Griftubakkaheppi	Starfsleyfistlokkur:
Tengiliður: Magnús Blöndal	Netfang:	Sími: Magnús: 616-7818 Gunnar: 897-6048	Gerð stöðvar: landeldi
Gildistími starfsleyfis: 24.01.2022	Kvittun afhend: Já	Vjóstaddir eftirlits: Gunnar, Blöndal Stella Árnadóttir	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: —

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	Y			20 tonn → ca 20 tonn framleidd á ári
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			stækking á tjörnnum
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	Y			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		Y		

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			✓	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?				verður athuseð
Er neyðaráætlun til staðar?		X	æ	

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		Nei	X	
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			handfóstræð
Er skráning á losun fósíðs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			hækkar í frárennslis, gæti komið úr sjó
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			sethjörn, sísti við settjörn
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).				sjór, 10M frá sjó í settjörn

Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?				
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			8	
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?				
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?				
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?				
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		dauðfiskur grettur öti í höfum eða setim mildum
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			X	

Niðurstöður síðasta eftirlits:	
Samantekt:	Frágangi á svæði er ábótavart
Frávik	Dauðfisk og slög skal fargað á viðurkenndan hátt
Athugasemdir	Fiskur í fírenndi
Annað	Rætt var um að fyrir næst eftirlit þarf að standa skal á umhverfi- Mállynum; samræmi við kröfur umhverfisstofnunar, vinna þarf vöktunaráætlun, áhættuáætlun, viðbragðsáætlun og neyðaráætlun fyrir stöðunina

Undirskrift eftirlitsmanns: Soffia Kærin

EFTIRLITSSKÝRSLA

Víkurlax Ystuvík, Gritubakkahreppi



Dags eftirlits	7.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Víkurlax	Eftirlitsmaður	Soffía Karen Magnúsdóttir
Heimili	Byggðavegi 111	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	510394-2759	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Blöndal	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar meðhöndlun úrgangs og tvær athugasemdir voru gerðar varðandi frárennsli frá settjörnum og frágang á svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
11. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs	Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. Dauðfiski og slóg er ekki fargað á viðunandi hátt.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að lifandi fiskur sást í frárennsli frá settjörnum en ekki var unnt að greina hvaða tegundar. Frágangur frárennslis er ekki skv. kröfum í starfsleyfi og þarf að bæta úr því hið fyrsta.

Athugasemd er einnig gerð við frágang á svæðinu og ekki stuðst við bestu fánlegu tækni eins og kveðið er á um í gr 2.1 í starfsleyfisskilyrðum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

ANNAÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun og skila skýrslu með niðurstöðum vöktunar árlega.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp.

Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Skv. starfsskilyrðum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

06.10.2016

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir